

Hvað er algild grunnframfærsla? og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag?

BA ritgerð
Sumar 2013

Bragi Þór Antoníusson

Leiðbeinandi: Magnús Árni Magnússon

Staðfesting lokaverkefnis til BA-gráðu í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði)

Lokaverkefnið

Hvað er algild grunnframfærsla?
og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag?

Eftir: Braga Þór Antoníusson, kt: 280685-2169

hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur

hlotið lokaekinnina:_____

Bifröst _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hvað er algild grunnframfærsla? og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag?

Nemandi: Bragi Þór Antoníusson

Leiðbeinandi: Magnús Árni Magnússon

Sumar 2013

Ágrip

Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er „Hvað er algild grunnframfærsla og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag.“

Ritgerðinni er skipt upp í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er hugtakið um algilda grunnframfærslu útskýrt og skoðað hvaða áhrif hugmyndin getur haft á samfélagið. Í öðrum kaflanum er stiklað á stóru í sögu hugmyndarinnar og skoðað með hvaða hætti hún hefur birst okkur með tilraunum og umræðu í stjórnámálum. Að lokum verður svo skoðað með hvaða hætti algild grunnframfærsla gæti verið satt fram á Íslandi og hvort að upptaka kerfisins sé raunhæfur möguleiki fyrir íslenskt samfélag.

Lykilhugtök: Algild grunnframfærsla, fátækt, réttlæti, jafnrétti, almannatryggingar, velferðarkerfi, frelsi, samfélag, lífeyrir, fjárhagur.

Formáli

Ritgerð þessi er 12 ECTS einingar og er lokaritgerð til BA-gráðu í HHS (Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) við Háskólann á Bifröst. Yfirskrift ritgerðarinnar er: Hvað er algild grunnframfærsla og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag? Ritgerðin er skrifuð sumarið 2013 í Reykjavík.

Algildri grunnframfærslu kynntist ég þegar ég stundaði nám í eina önn við Háskólann í Ljubljana í Slóveníu vorið 2011. Þá var kosningum til stjórnlagabþings nýlokið á Íslandi og vinna við að skrifa nýja stjórnarskrá að hefjast. Réttlátt samfélag og leiðir til þess að ná því voru mér því sérstaklega hugleikin málefni á þeim tíma. Ég var því sérstaklega áhugasamur þegar ég lærðu um algilda grunnframfærslu í áfanganum *Selected Problems of Contemporary Political Philosophy*. Síðan ég kynntist hugmyndinni hefur hún verið mér mjög hugleikin og snemma áttaði ég mig á því að vandfundið er betra efni til þess að skrifa lokaritgerð í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði en einmitt þetta. Efnið er mjög yfirgripsmikið og því var nauðsynlegt að stikla á stóru í þeim tilgangi að geta veitt yfirsýn yfir helstu spurningar sem vakna í sambandi við algilda grunnframfærslu. Vonlaust hefði verið að gera efninu fullkomin skil í svo stuttri ritgerð en í ljósi þess að nánast ekkert hefur verið skrifað um algilda grunnframfærslu á Íslandi er nausynlegt að byrja einhversstaðar og opna þannig fyrir umræðuna kerfið.

Nú tveimur árum síðar lítur ritgerðin loksins dagsins ljós og er það mér mikil ánægja. Ég vona að lesandi hafi bæði gagn og gaman að ritgerðinni og hún nái að vekja upp áhuga gríðarlega áhugaverðri hugmynd.

Þessa ritgerð tileinka ég nýfæddum syni mínum, Hlyni Huga Bragasyni, sem sá til þess að mér leiddist ekki eina stund á milli þess sem eg sat og skrifaði og gaf allri vinnunni tilgang.

Bragi Þór Antonússon

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
1. HVAD ER ALGILD GRUNNFRAMFÆRSLA?	3
1.1 ÚTRÝMING FÁTÆKTAR.....	4
1.2 VINNUHVATI OG ATVINNULEYSISGILDRAN	5
1.3 RAUNVERULEGT FRELSI	6
1.4 BÆTT STAÐA KVENNA Í SAMFÉLAGINU	7
1.5 HVATNING TIL NÝSKÖPUNAR OG AUKINN HAGVÖXTUR.....	8
1.6 AUÐLINDIR Í SAMEIGINLEGRI EIGU ÞJÓÐARINNAR.....	8
2. SAGA ALGILDRAR GRUNNFRAMFÆRSLU OG BIRTINGARMYND HENNAR Í DAG... 9	
2.1 VÍSAR AÐ KERFINU OG TILRAUNIR SEM HAFA VERIÐ GERÐAR	11
2.1.1 <i>Alaska</i>	11
2.1.2 <i>Namibía</i>	13
2.1.3 <i>Brasilía</i>	15
3. ALGILD GRUNNFRAMFÆRSLA Á ÍSLANDI	16
3.1 HVERT ER GRUNNFRAMFÆRSLUVIÐMIÐIÐ?.....	16
3.2 HVADAN KOMA TEKJURNAR?	21
3.2.1 <i>Niðurskurður í núverandi kerfi</i>	21
3.2.2 <i>Aðrar leiðir</i>	25
3.3 HVER VÆRU NÆSTU SKREF?	26
NIÐURSTÖÐUR	27
LOKAORÐ	29
HEIMILDASKRÁ	30

Inngangur

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi haustið 2008 breyttist margt í íslensku samfélagi. Þegar best lét fyrir hrun var uppgangur í atvinnulífinu slíkur að sækja þurfti í vinnuafli utan landssteinanna þar sem erfiðlega gekk að manna sífjölgaandi stöðugildi. Atvinnuleysi á Íslandi var í sögulegu lágmarki eða um það bil 1% af heildarmannafla (Hagstofa Íslands, 2013). Tækifærin voru að því er virtist endalaus en engu að síður var fátækt alltaf vandamál (Njáls, 2003).

Í kjölfar efnahagshrunsins breyttist hinsvegar margt í íslensku samfélagi. Atvinnuleysi fór upp í 8% á landinu öllu en það er mesta atvinnuleysi á Íslandi í tugi ára. Ástandið varð svo enn verra á suðurnesjum þar sem atvinnuleysi fór upp í 13.1% (Hagstofa Íslands, 2013). Samhliða auknu atvinnuleysi fjölgaði einnig í hópi þeirra sem ekki ná endum saman og árið 2011 var ástandið orðið slíkt að rúmlega helmingur heimila áttu erfitt með að ná endum saman um mánaðarmót (Hagstofa Íslands, 2011). Það er því eðlilegt að velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að gera eitthvað til þess að létta undir með íbúum þessa lands og eins hvort að ekki sé til almannatryggingakerfi sem bæði virkar betur og er réttlátara en það sem notað er í dag.

Almannatryggingakerfið er rekið af íslenska ríkinu sem aflar tekna sinna að langstærstum hluta með því að innheimta skatt af fólki og fyrirtækjum. Það er því almenningur og fyrirtækin í landinu sem borga fyrir almannatryggingakerfið. Eflaust eru einhverjir sem gætu haldið því fram að það fylgi því óréttlæti að borga með sínum sköttum fyrir sjúkradagpeninga annarra og sömuleiðis eru eflaust margir sem þurfa raunverulega á félagslega tryggingakerfinu að halda en lenda utangarðs „í kerfinu“ og fá enga aðstoð. Almennatryggingakerfið er því langt frá því að vera fullkomið.

Í þessari ritgerð verður fjallað um hugmynd sem er ætlað að einfalda almannatryggingakerfið og gera það réttlátara. Þetta er hugmynd sem kölluð er á

ensku *Universal Basic Income, basic income guarantee* eða *citizen's income*. Lítið hefur verið skrifað um þetta hugtak á íslensku en þó hefur það verið þýtt áður sem borgaralaun (Als, 2003). en útleggst hér í þessari ritgerð sem *algild grunnframfærsla*, það kemur þó einnig til greina að kalla hugmyndina *grunnframfærslutrygging*, *skilyrðislaus grunnframfærsla* eða *skilyrðislaus grunnframfærslutrygging*. Algild grunnframfærsla er hugmynd að kerfi sem er ætlað að einfalda almannatryggingakerfið, gera það réttlátara og sömuleiðis uppræta ákveðið innbyggt óréttlæti í samfélaginu.

Þessari ritgerð er skipt upp í þrjú hluta. Í þeim fyrsta verður farið yfir hugtakið algilda grunnframfærslu, hugtakið útskýrt, skoðað hvaða tilgang kerfið hefur og skoðað hvaða áhrif upptaka kerfisins getur haft á samfélagið. Í öðrum hlutanum er skoðað hvernig kerfið birtist okkur í dag, þær tilraunir sem hafa verið gerðar og hvaða sess algild grunnframfærsla skipar í stjórnámálum síðustu aldar fram til dagsins í dag. Í þriðja hluta er svo farið yfir það hvernig kerfið gæti litið út á Íslandi og hvort að möguleiki sé fyrir upptöku kerfisins á Íslandi.

Þessir þrjú hlutar eru settir fram til þess að reyna að svara spurningunni „Hvað er algild grunnframfærsla og er hún mögulegur kostur fyrir íslenskt samfélag?“.

1. Hvað er algild grunnframfærsla?

Í stuttu máli gengur algild grunnframfærsla út á það að allir þegnar ríkis, óháð öllum skilyrðum, fái greidda grunnframfærslu hvort sem þeir kjósi að vinna fyrir sér eður ei. Þetta þýðir að allir munu eiga fyrir þeim nauðsynjum sem þeir þurfa á að halda.

Algild grunnframfærsla er kerfi sem hefur það að markmiði að útrýma fátækt og auka félagslegt réttlæti í samfélaginu. Hugmyndin hefur verið í þróun lengi og hafa margir skrifað um kerfið eða afbrigði af því í gegnum tíðina. Útgáfan af algildri grunnframfærslu eins og hún birtist í þessari ritgerð þróaðist á 20. öldinni frá fyrri útfærslum en í þessari ritgerð verður stuðst við skilgreiningu Philippe Van Parijs eins og hann setur hana fram í grein sinni *Basic income: A simple and powerful idea for the 21st century* en þar segir:

A basic income is an income paid by a political community to all its members on an individual basis, without means test or work requirement (Van Parijs, 2004).

Van Parijs tekur sjálfur fram að þessi skilgreining nái ekki utan um mörg af þeim afbrigðum hugmyndarinnar sem finnast víða í Evrópu en í ljósi þess að BIEN (samráðsvettvangur hinna ýmsu samtaka sem fjalla um algilda grunnframfærslu) hefur kosið að tileinka sér þessa skilgreiningu tel ég réttast að gera slíkt hið sama hér (“About BIEN,” n.d.). Hægt er að útfæra hugmyndina á ótal mismunandi vegu. Í þessari ritgerð mun ég ekki fara nákvæmt út í einstök útfærsluatriði heldur fjalla almennt um það hvernig kerfið gæti litið út í sinni einföldustu mynd með það að takmarki að opna fyrir umræðuna og leggja grundvöll að frekari umræðum og rannsóknum um algilda grunnframfærslu á Íslandi.

Ástæður þess að taka upp algilda grunnframfærslu eru fjölmargar. Í þessum kafla verður farið yfir helstu rökin með kenningunni og reynt að sjá hvernig þau falla að aðstæðum í íslensku samfélagi.

1.1 Útrýming fátæktar

Hvert sem litið er í heiminum má finna þjóðfélagshópa sem lifa við fátækt. Ekkert ríki býr svo vel að þar sé engin fátækt og þrátt fyrir gríðarlegan uppgang í íslenska efnahagslífinu frá aldamótum er Ísland þar engin undantekning. Fátækt er vandamál hér rétt eins og annarsstaðar (Njáls, 2003)

Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint algjöra fátækt á eftirfarandi hátt:

Algjör fátækt er ástand sem einkennist af verulegum skorti á grunnþörfum mannsins, þar á meðal mat, hreinu drykkjarvatni, hreinlætisaðstöðu, heilsu, skjóli, menntun og upplýsingum. Það einkennist ekki aðeins af tekjum heldur einnig af aðgangi að félagsaðstoð. (United Nations, 1995)

Algild grunnframfærsla snertir á mörgum flötum samfélagsins og hefur áhrif víða. Einn helsti kostur, og í raun stærsti hvatinn fyrir upptöku á kerfinu er sá að því er ætlað með einföldum hætti að útrýma fátækt úr samfélaginu eins og það leggur sig með því að greiða öllum íbúum ríkisins framfærslu sem er hærri en skilgreind fátæktarmörk (Wright, 2006).

Til þess að átta okkur á því hvernig samfélag er æskilegt er hægt að leita í smiðju John Rawls og hugmynd hans um fávísisfeldinn. Ef við leggjumst undir fávísisfeldinn og ímyndum okkur það samfélag sem við myndum vilja skapa má búast við því að niðurstaðan væri samfélag þar sem ekki finndist fátækt enda myndi enginn vilja eiga það á hættu að lenda í þjóðfélagshópi sem á sér ekki viðreisnar von. Í ritgerðinni verður gengið út frá því að við ákvarðanatöku verði miðað við kenningar John Rawls og þar af leiðandi má ætla að samfélag sem er án fátæktar sé eftirsóknarvert samfélag til þess að lifa í (Rawls, 1999). Ef við göngum

útfra því að algild grunnframfærsla geti útrýmt fátækt með einu og öllu má ætla að algild grunnframfærsla sé eftirsóknarvert kerfi hvað það varðar.

1.2 Vinnuhvati og atvinnuleysisgildran

Þeir sem standa frammi fyrir því að fá enga vinnu við hæfi hafa í flestum tilvikum möguleika á því að fá atvinnuleysisbætur greiddar frá ríkinu. Til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þarf umsækjandi að vera virkur í atvinnuleit. Hvað það þýðir að vera virkur í atvinnuleit er skilgreint í lögum en það felur meðal annars í sér að umsækjandi skuli vera viljugur til þess að taka að sér starf hvar sem er á landinu og sé einnig tilbúinn að taka að sér hlutastarf og/eða vaktavinnu (Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006)

Frá og með 1. janúar 2013 eru atvinnuleysisbætur 172.609 fyrir 100% bótarétt. Samkvæmt gildandi kjarasamningum eru lágmarkslaun 204.000 kr.

Að fara frá því að vera atvinnulaus og yfir í það vera virkur á vinnumarkaði getur falið í sér allskyns aukin útgjöld og raskanir fyrir fjölskylduna. Þannig getur það verið meiriháttar mál að þurfa að flytja landshorna á milli og getur því fylgt töluverður kostnaður. Sé aðili að fara út á vinnumarkaðinn eftir að hafa verið atvinnulaus bætast við ýmis útgjöld sem ekki þurfti að gera ráð fyrir áður fyrr. Til dæmis þarf að koma sér til og frá vinnu og hugsanlega þarf að koma börnum fyrir í dagvistun eða leikskóla hafi það ekki verið gert nú þegar svo eitthvað sé nefnt. Þetta þýðir að til þess að fólk sjái sér hag í því að hætta á atvinnuleysisbótum og fara út á vinnumarkaðinn þurfa launin sem bjóðast að vera hærri en atvinnuleysisbæturnar um því sem það kostar að fara út á vinnumarkaðinn. En ekki er nóg að launin séu hærri því að gera má ráð fyrir því að fólk meti tímann sinn til fjár svo eitthvað sé nefnt. Það er því þekkt að fólk festist í velferðarkerfinu eða á atvinnuleysisbótum þar sem hvatinn til þess að fara að vinna er ekki nægilegur til þess að það borgi sig. Þetta fyrirbæri er í daglegu tali kallað atvinnuleysisgildran eða velferðargildran (Merkl & Snower, 2008).

Með tilkomu algildrar grunnframfærslu væri atvinnuleysisgildran úr sögunni þar sem tekjutenging atvinnuleysisbóta er ekki til staðar. Ef allir fá greidda grunnframfærslu óháð öllum skilyrðum væri öll vinna til viðbótar við það.

Þannig væri beinn ágóði af því að hefja störf á almennum vinnumarkaði og ekki hætta á því að það væri óhagkvæmara að vera áfram heima fyrir.

1.3 Raunverulegt frelsi

Einn helsti talsmaður algildrar grunnframfærslu í dag er belgíski heimspekingurinn og félagslegi hagfræðingurinn Philippe Van Parijs en hann er til að mynda höfundur skilgreiningarinnar á algildri grunnframfærslu sem stuðst er við af alheimssamtökum um hugmyndina og er sömuleiðis notuð hér. Bókin hefur raunar verið sögð svo sannfærandi og vel rökstudd að hún eigi að vera skyldulesning í stjórnmálaheimspeki (Sherman, 1996) (Levine, 1996).

Samkvæmt Van Parijs er ein helsta ástæða þess að taka ætti upp algilda grunnframfærslu sú að kerfið er það eina sem veitir einstaklingum *raunverulegt frelsi*. Til þess að útskýra hvað hann á við með *raunverulegu frelsi* þarf að byrja á því að gera greinarmun á réttindum og tækifærum. Það er að segja að til að mynda á Íslandi hefur mikið verið lagt upp úr því að tryggja öllum Íslendingum rétt til náms. Í stjórnarskrá okkar er tekið fram að allir skuli njóta mannréttinda og ekki megi mismuna í þeim efnunum á grundvelli „kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti” (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Þetta þýðir til að mynda að allir Íslendingar hafa sama rétt til þess að stunda nám við Háskóla Íslands en það dugar ansi skammt fyrir marga að hafa rétt til náms þegar tækifærin standa ekki til boða. Til þess að geta stundað nám í háskóla þarf til dæmis fjármagn til þess að geta aflað sér nauðsynlegra gagna eins og til dæmis bóka en fyrst og fremst til þess að geta séð sér fyrir fæði, húsnæði og öðru upphaldi á meðan maður stundar nám. Vissulega er ýmislegt gert til þess að sporna við þessu. Þannig hefur til að mynda verið settur upp Lánasjóður íslenskra námsmanna til þess að lána þeim sem á þurfa að halda meðan á námi stendur en til þess að fá lán hjá sjóðnum þarf að uppfylla ströng skilyrði sem ekki allir gera. Til þess að geta verið *raunverulega frjáls* til að gera einhvern ákveðinn hlut þarf því að uppfylla tvö skilyrði. Annars vegar að hafa rétt á því að geta gert eitthvað án þess að þú sért stöðvaður í því og svo hins vegar að hafa til þess

tækifæri. (Van Parijs, Real freedom for all: What (if anything) can justify capitalism?, 1995).

Stjórnarskráin tryggir öllum Íslendingum jöfn réttindi frammi fyrir lögum en tækifæri er ekki alltaf hægt að tryggja með lagasetningu. Það getur enginn ákveðið inn í hvaða aðstæður hann fæðist og aðstæður einstaklinga, hvort sem um ræðir fjárhagslegar eða félagslegar geta verið jafn ólíkar eins og þær eru margar. Algild grunnframfærsla er samkvæmt Van Parijs það kerfi sem færir okkur nær þessu upphaflega jafnrétti með jöfnum tækifærum en nokkru öðru kerfi tekst að gera og vera á sama tíma fullkomnlega sanngjarnt (Van Parijs, Real freedom for all: What (if anything) can justify capitalism?, 1995).

1.4 Bætt staða kvenna í samfélaginu

Ísland varð fyrsta ríki heims til þess að kjósa kvenkyns þjóðhöfðingja í lýðræðislegum kosningum þegar Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti Íslands árið 1980. Alla tíð síðan hefur Ísland staðið framarlega þegar kemur að jafnrétti kynjanna (Inglehart, Norris, & Welzel, 2002).

Ein rökin fyrir algildri grunnframfærslu eru þau að með henni sé vinnuframlagi kynjanna gert jafnara vægi. Greidd vinna sé ekki eina vinnuframlagið sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið og með algildri grunnframfærslu sé hægt að sinna störfum í þágu fjölskyldu og samfélags óháð áhyggjum um laun. Raunin hefur verið sú að kvenfólk innir af höndum ólaunuð störf í meira mæli en karlmenn. Á þeim heimilum þar sem karlmaðurinn er fyrirvinnan og konan er heimavinnandi má færa rök fyrir því að karlmaðurinn vinni launaða vinnu í krafti þess að konan vinni ólaunaða vinnu heima fyrir við rekstur heimilis og fjölskyldu. Ef kemur til þess að slíta samvistum er fyrirvinnan fjárhagslega öruggari en heimavinnandi einstaklingurinn (í flestum tilfellum, konan). Því geta konur orðið fastar í slæmu, jafnvel ofbeldisfullu, sambandi þar sem fjárhagslegt óöryggið sem fylgir því að slíta samvistum við manninn getur virst óyffirstíganlegt vegna þessa ójafnvægis kynjanna. (Ironmonger, 1989) (Christensen, 2003)

1.5 Hvatning til nýsköpunar og aukinn hagvöxtur

Nýsköpun felur í sér ákveðna innbyggða áhættu. Erfitt getur reynst að meta hvort vinna að verkefni muni skila þeim sem vinna að verkefninu greiddum launum og hvenær. Jafnframt getur verið erfitt að viðhalda daglegum rekstri verkefnis þó vístst teljist að verkefnið muni einn daginn skila tekjum ef langt er í að slíkt gerist eða óljóst er hvenær það gerist. Með því að tryggja grunnframfærslu má gera fólki kleift að vinna að verkefni sem annars væri ekki möguleiki á vegna fjárhagslegar óvissu. Þannig má ætla að framtakssemi og nýsköpun aukist hjá þeim fátækustu sem hljóta algilda grunnframfærslu með því að veita þeim lífsviðurværi án kvaða og tíma til að vinna að nýsköpun sem færi annars í vinnu til að sjá sér fyrir grunnþörfum. (Ackerman, Alstott, & Van Parijs, 2006)

1.6 Auðlindir í sameiginlegri eigu þjóðarinnar

Hvort sem enski fræðimaðurinn Thomas Paine hafi verið undir áhrifum af Thomas More eða ekki er erfitt að segja en árið 1797 gefur hann út bæklinginn *Agrarian Justice* þar sem hann kynnir til sögunnar hugmyndir sínar um svipað málefni en þó frá annarri nálgun. Í bæklingnum fer hann lengra en More að því leyti að hann segir að laun til borgara séu ekki bara leið til þess að laga ákveðin vandamál heldur náttúrulegur réttur allra. Hann segir að „jörðin, í sínu náttúrulega ham er, og verður alltaf, sameiginleg eign allra jarðarbúa.“ Enginn eigi rétt á því að eignast land heldur ætti einungis að vera hægt að leigja land af samfélaginu. Samkvæmt Paine ætti það því að vera skylda allra þeirra sem ráða yfir landi og nýta landið til eigin nota að borga samfélaginu leigu af því landsvæði sem þeir hafa yfir að ráða í sameiginlegan sjóð sem yrði svo úthlutað til allra, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir „... til þess að bæta þeim tap þeirra á sínum náttúrulega arfi“ (Paine, 1974).

2. Saga algildrar grunnframfærslu og birtingarmynd hennar í dag

Algild grunnframfærsla á sér langa sögu innan heimspekinnar og hagfræðinnar. Hugmyndin birtist alls ekki fullmótuð heldur er hún afrakstur þróunnar sem staðið hefur yfir í mörg hundruð ár þar sem hver fræðimaðurinn á fætur öðrum hefur komið fram með sínar kenningar sem einn daginn mynduðu hugmyndina um algilda grunnframfærslu. Í þessum kafla verður stiklað á stóru í sögu algildrar grunnframfærslu allt frá fyrsta vísi að hugmyndinni og fram til dagsins í dag. En það er gert til þess að geta áttað sig betur á því hvað býr að baki hugmyndinni og hversvegna hún nýtur þess hlómgrunns sem hún býr yfir í dag. En nánar er fjallað um það síðar. Í þessum kafla verður einnig skoðað hvaða tilraunir hafa verið gerðar með algilda grunnframfærslu, hvernig þær fóru fram og helstu niðurstöður. Svo að lokum verður skoðað hvernig algild grunnframfærsla birtist okkur í samfélaginu í dag.

Upphafið að algildri grunnframfærslu má rekja allt aftur til ársins 1516 en þá skrifaði enski heimspekingurinn og lögfræðingurinn Thomas More bókina sem hann eftir átti að verða hvað þekktastur fyrir, *Útópíu*. Í bókinni lýsir More ímyndaðri eyju þar sem þrífst samfélag sem átti að vera uppskrift að einskönar fyrirmyndarsamfélagi að hans mati. Í samtali á milli tveggja sögupersóna í bókinni segir annar aðilinn að taka ætti alla þjófa af lífi og senda þannig þau skilaboð út í samfélagið að glæpir borguðu sig ekki og útrýma þannig glæpum í samfélaginu. Viðmælandinn var ekki sannfærður um þessi rök og benti á að hungurmorða maður léti ekki hugsanlega dauðarefsinga stöðva sig í því að stela brauðhleif ef hann væri raunverulega í neyð sjálfur. Hann benti á að nær væri að skapa samfélag þar sem enginn væri neyddur til þess að stela sér til matar. Sömuleiðis væri þáverandi samfélag að stuðla að auknum glæpum með því að einkavæða landsvæði og þannig loka á lífsviðurværi almenningsins, sem neyddist þá til þess að stela sér og fjölskyldum sínum til matar. Hvort sem að More hafði rétt fyrir sér eða ekki verður látið liggja á mill hluta en það eru þessi hugmynd um að skapa samfélag þar sem allir hafa í sig og á sem er talin af BIEN

vera upphafið að hugmyndinni um algilda grunnframfærslu (More, 1869) (Vanderborght & Van Parijs, 2005).

Það var svo árið 1797 sem Thomas Paine gaf út bæklinginn sinn *Agrarian Justice* þar sem hann leggur fram hugmyndir sínar um borgaralaun. Eins og áður kom fram gengur hann út frá því að náttúruauðlindir séu sameiginleg eign samfélagsins og þannig eigi hver og einn borgari sinn hluta í þeim óháð því hvort hann sé að nýta þær sjálfur eða ekki. Paine segir að bein laun frá ríkinu til borgara séu ekki bara leið til þess að laga ákveðin vandamál í samfélaginu heldur náttúrulegur og meðfæddur réttur allra borgara sem ekki eru að nýta náttúruauðlindir með einum eða öðrum hætti. Röksemdafærsla hans gengur út frá því að „jörðin, í sínum náttúrulega ham er, og verður alltaf, sameiginleg eign allra jarðarbúa.“ Samkvæmt Paine ætti það því að vera skylda allra þeirra sem ráða yfir landi og rækta það að borga samfélaginu leigu af því landsvæði sem þeir hafa yfir að ráða í sameiginlegan sjóð sem yrði svo úthlutað til allra hvort sem þeir væru ríkir eða fátækir „til þess að bæta þeim tap þeirra á sínum náttúrulega arfi“. Þarna er tekið ansi stórt stökk frá Thomas More og sömuleiðis er þetta önnur nálgun. Thomas More hugsaði borgaralaunin fyrst og fremst til sem leið til þess að bæta samfélagið á meðan Thomas Paine hugsar um borgaralaunin sem náttúrlegan rétt allra. Á margan hátt er algild grunnframfærsla samanbland af þessum tveimur sjónarmiðum en burtséð frá því þá er hugmyndin um þennan náttúrulega rétt mjög mikilvægur hluti af algildri grunnframfærslu og sérstaklega í tilfelli Íslands en nánar er fjallað um hlut náttúruauðlinda og réttisins þeim fylgir í sér kafla hér síðar í ritgerðinni (Paine, 1974).

Bertrand Russel, heimspekingur og nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum svo fátt eitt sé nefnt, skrifaði bókina *Proposed Roads to Freedom: Socialism, Anarchism, and Syndicalism* sem kom út árið 1918. Í þeirri bók kemur hugmyndin að algildri grunnframfærslu fram nánast fullmótuð eins og hún er skilgreind í dag af BIEN (Vanderborght & Van Parijs, 2005).

Algild grunnframfærsla var mikið í umræðunni á 7. áratugnum í Bandaríkjunum og náði raunar hámarki þegar 1200 hagfræðingar, þar á meðal

nóbelsverðlaunahafarnir James Tobin og Paul Samuelsson sendu áskorun á Bandaríkjaforseta um að skoða upptöku algildrar grunnframfærslu þar í landi. Málið náði svo langt að samið var frumvarp að kerfi sem tryggir tekjulitlum grunnframfærslu og svipaði mjög til algldrar grunnframfærslu en aldrei varð neitt úr því frumvarpi (Steensland, 2008).

Í dag er algild grunnframfærsla til skoðunar hjá mörgun stjórnmalaflokkum í Evrópu. Græni og rauði flokkurinn í Noregi ásamt norska frjálslýndaflokknum hafa allir lýst áhuga á því að taka upp algilda grunnframfærslu þar í landi (Carlsen, 12). Pírataflokkurinn í Þýskalandi hefur lýst yfir stuðningi sínum við kerfið (Drescher, 2011). Síðast en ekki síst var það svo Húmanistaflokkurinn sem gerði algilda grunnframfærslu að einu af stefnumálum sínum í síðustu alþingiskosningum (Húmanistaflokkurinn).

2.1 Vísar að kerfinu og tilraunir sem hafa verið gerðar

2.1.1 Alaska

Undir lok sjöunda áratugarins var hafist handa við að byggja heilmikla olíuleiðslu þvert í gegnum Alaskaríki í Bandaríkjunum. Alaskaríki hagnaðist gríðarlega á þessari olíuleiðslu eða um 900 miljónir bandaríkjadollara en þeim fjármunum var öllum eytt á aðeins nokkrum árum. Íbúar Alaska höfðu áhyggjur af því að það sama yrði upp á teningnum þegar fjármunir myndu byrja að flæða inní hagkerfi ríkisins á sama tíma og olían myndi byrja að flæða um leiðsluna. Íbúarnir höfðu áhyggjur af því að öllum fjármununum yrði eytt af þáverandi kynslóð og komandi kynslóðir myndu aldrei fá að njóta neins góðs af þeim hagnaði sem til kom vegna nýtingu á landsvæði í eigu ríkisins.

Árið 1976 var lagt fram frumvarp um breytingar á stjórnarskrá ríkisins. Breytingar þessar fólu í sér að að minnsta kosti 25% af þeim tekjum sem kæmu í ríkkassann vegna olíuvinnslu á svæðinu yrðu lagðar inn í sérstakan sjóð sem stofnaður var af þessu tilefni. Hlutverk sjóðsins væri svo að halda utan um þessar tekjur og ávaxta þær þannig að komandi kynslóðir gætu notið góðs af. Frumvarpið var samþykkt með 75,588 gegn 38,518 atkvæðum og var kerfið farið af stað ári seinna eða árið 1977 (Alaska Permanent Fund Corporation).

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og eru farnar margvíslegar leiðir í fjárfestingum með það að markmiði að sjóðurinn hagnist um 5% á ári (Alaska Permanent Fund Corporation). Eins og áður kom fram eru að minnsta kosti 25% af heildar tekjum ríkisins vegna olíuvinnslu lagðar í sjóðinn og er óleyfilegt að hreyfa við þeirri upphæð. Þeir fjármunir sem eru greiddir úr sjóðnum koma af þeim fjármagnstekjum sem sjóðurinn aflar sér svosem með arðgreiðslum frá fyrirtækjum, kaupum og sölu á verðbréfum og vaxtatekjum svo fátt eitt sé nefnt.

Það sem gerir kerfið í Alaska áhugavert er að það er í raun eini vísir að algildri grunnframfærslu sem er í notkun í heiminum í dag. Ég nota hér orðið *vísir* vegna þess að þó svo að greitt sé jafnt til allra íbúa Alaska úr sjóðnum er upphæðin ekki nógu há til þess að sjá einstaklingum fyrir grunnframfærslu. Vegna þess að um fjárfestingarsjóð er að ræða og að aðeins er greitt af hagnaðinum sem hlýst af þessum fjárfestingum hefur upphæðan sveiflast töluvert á milli ára og mögulegt er að sum ár verði ekkert greitt úr sjóðnum ef hart er í ári. Fyrsta greiðslan var greidd árið 1982 og hljóðaði hún upp á C\$1.000 fyrir hvern einstakling, hæst fóru greiðslurnar í C\$2.069 fyrir árið 2008 en voru núna síðast aðeins C\$878 (Alaska Department of Revenue - Permanent Fund Divident Division, 2012).

Þó svo að upphæðirnar sem um ræðir séu langt frá því að duga fyrir grunnframfærslu einstaklinga er þetta þó ein birtingarmynd þess hvernig algild grunnframfærsla gæti litið út í notkun. Íbúar Alaskaríkis samþykktu það í þjóðaratkvæðagreiðslu að þar sem olíuauðlindirnar væru í eigu ríkisins og þar með sameiginleg eign allra íbúa þótti rétt að hagnaðar af þeim myndi ganga beint til þessara sömu íbúa. Þeir sýndu sömuleiðis fyrirhyggju í þeim skilningi að auðlindirnar eru ekki aðeins eign þeirra íbúa sem búa núna heldur sömuleiðis komandi kynslóða.

Sýn íbúa Alaskaríkis á náttúruauðlindir sínar koma heim og saman við sjónarmið íslendinga ef marka má niðurstöður þjóðfundarins sem haldin var árið 2010. Tilgangur fundarins var að „kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings um stjórnskipan landsins, stjórnarskrá og breytingar á henni”.

Niðurstöðunum var svo ætlað að liggja til grundvallar smíði á nýrri stjórnarskrá fyrir Ísland sem skrifuð var af stjórnlagaráði. Mikið kapp var lagt á að þjóðfundurinn endurspeglaði vel þverskurð af íslensku samfélagi og því voru fulltrúar á þjóðfundinum valdir með með slembiúrtaki og mið tekið af búsetu og kynjahlutfalli (Þjóðfundur 2010).

Á þjóðfundinum kom fram skýr vilji um að auðlindir Íslands skuli vera eign þjóðarinnar en það kemur heim og saman við bæði nálgun Alaska á sínar nátturauðlindir og byggt á þessum forsendum ætti að vera mikill hvati fyrir íslendinga að skoða upptöku á kerfinu.

2.1.2 Namibía

Í Namibíu var árið 2007 ráðist í rannsókn á áhrifum algildrar grunnframfærslu þar í landi. Rannsóknin var framkvæmd í litlu þorpi sem heitir Omitara og nærliggjandi landnemasvæði sem nefnist Otjivero en þessi svæði voru valin vegna þess að þar var gríðarleg fátækt, glæpatíðni há og atvinnuleysi mikið. Engin ástæða var til þess að ætla að rannsókn á þessu svæði yrði líklegri til þess að sýna fram á betri eða verri niðurstöður en ef rannsóknin hefði verið framkvæmd annars staðar.

Ákveðið var að greiða öllum íbúðum svæðisins N\$100 á mánuði en það er upphæð sem jafngildir 968.5 krónum á nafnvirði ársins 2007 ef tekið er mið af meðaltalsgengi ársins 2007 en 1.460 kr ef búið er núvirða til dagsins í dag (Seðlabanki Íslands, 2013) (World Bank). Til viðmiðunar má nefna að ríkisstjórnin í Namibíu hefur skilgreint fátæktarmörk fyrir landið í þremur þrepum. Árið 2009, undir lok tilraunarinnar var *fæðu fátækt* skilgreind sem mánaðartekjur undir N\$ 204.5, *mikil fátækt* sem mánaðartekjur undir N\$ 277.54 og *fátækt* sem mánaðartekjur undir N\$ 277.96. Upphæðin sem var greidd út í tilrauninni er því aðeins um helmingur af því sem þarf til þess að tryggja sér heilsusamlegt fæði og langt fyrir allt sem gæti talist sem grunnframfærsla á Íslandi. Tilraunin er þó áhugaverð þegar skoðað er hvaða áhrif útrýming fátæktar hefur á samfélög (Namibia Statistics Agency, 2012).

Eins og áður segir var upphæðin greidd til allra íbúa svæðisins en að undanskildum þeim sem náð höfðu 60 ára aldri. Þetta var gert til vegna þess að namíbíska ríkið greiðir nú þegar öllum þeim sem eru 60 ára og eldri framfærslu óháð öllum skilyrðum í gegnum opinbera lífeyrissjóðinn. Grunnupphæð lífeyrissins er N\$200 (Schleberger, 2009). Ef um einstaklinga undir 21 árs var að ræða var upphæðin greidd til forráðamanna þeirra, í flestum tilfellum mæðra þeirra, til ráðstöfunar.

Tilraunin stóð yfir í 2 ár eða frá janúar 2007 til og með desember 2009 og voru helstu niðurstöður úr meðfylgjandi rannsókn eftirfarandi:

- Tilkyntum glæpum til lögreglu fækkaði um 36.5% á 10 mánaða tímabili eftir að tilraunin hófst samanborið við árið áður. Mesta fækkunin var í glæpum tengdum ólöglegum veiðum og þjófnaði á skepnum.
- Hlutfall vannærðra barna féll úr 42% (sem var töluvert yfir landsmeðaltali) niður í 17% á aðeins 6 mánuðum og svo niður í 10% ári eftir að tilraunin hófst.
- Börnum sem hættu í skóla vegna fjárhagsvandræða fækkaði um 42%
- Atvinnuleysi fór úr 60% niður í 45% og atvinnuþáttaka jókst á tímabilinu.
- Mikið var um drykkjuvandamál á svæðinu en engar vísbendingar eru um að það hafi aukist.
- Meðaltekjur, að undanskildum styrknum jukust um 29% á fyrsta árinu.
- Fjöldi nýrra fyrirtækja var stofnaður á svæðinu.

(Haarmann, o.fl., 2009)

Ætlunin var að halda áfram að greiða N\$ 80 á mánuði til íbúa á svæðinu þegar tilrauninni lauk og lækka svo þá upphæð hægt og rólega til þess að koma ekki samfélaginu í uppnám að tilrauninni lokinni. En fljótlega tæmdust þeir sjóðir sem styrkirnir voru greiddir úr og hurfu þeir algjörlega fljótlega eftir að tilrauninni lauk. Á sínum tíma vildi ríkisstjórn Namibíu ekki gera neitt til þess að fylgja tilrauninni eftir en núna sex árum síðar hefur ríkisstjórn Namibíu óskað eftir frekari kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar. (Reid, 2013).

Fátækt þorp eins og Omitara og Ísland eru gjörólík svæði og hér eru gjörólíkar aðstæður frá því sem þarna þekktist. Í rauninni á Ísland fátt sameiginlegt með Omitara og Otjivero og því er hættulegt og í raun ómögulegt að ætla að heimfæra eitthvað af þessum niðurstöðum á samfélagið hér. Engu að síður er ómögulegt að horfa framhjá þeim mikla árangri sem niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna og gefa þær tilefni til þess að frekari rannsóknir verði gerðar og þá á fjölbreyttari samfélagsgerðum.

2.1.3 Brasilía

Brasilía er mjög framarlega á merinni þegar kemur að algildri grunnframfærslu og var fyrsta ríki heims til þess að setja lög um algilda grunnframfærslu og er ásamt Alaskaríki eina landið í heiminum sem hefur sett lög sem vísar beint í eða svipar til algildrar grunnframfærslu (Lavinás, 2006). Þessi lög, sem kveða á um rétt borgara til þess að fá greidda grunnframfærslu og að koma eigi kerfinu á í skrefnum, voru lögð fram árið 1991 en voru fyrst samþykkt árið 2004 undir stjórn þáverandi forseta Luiz Inácio Lula da Silva (Global Basic Income Foundation, 2012). Takmarkið er skýrt hjá Brasilíumönnum, að koma upp algildri grunnframfærslu þar í landi og sem stendur er í gangi kerfi sem gengur undir nafninu Bolsa Familia og er á margan hátt fyrsta stig af því að innleiða algilda grunnframfærslu þar í landi. Bolsa Familia kerfið er ekki skilyrðislaust og er ætlað aðeins fátækustu fjölskyldunum þar í landi. Sem stendur eru rúmlega 25% þjóðarinnar að þiggja styrk frá ríkinu eða um 14 milljón fjölskyldur. Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið er að kerfið letur fólk frá því að vinna ef reglulegar greiðslur bjóðast frá ríkinu án nokkurs vinnuframlags eða kröfu um slíkt. Eduardo Matarazzo Suplicy einn helsti stuðningsmaður algildrar grunnframfærslu í Brasilíu og flutningsmaður frumvarpsins gefur lítið fyrir þau rök (Nagarajan, 2012). Reynslan er sú að þar sem fátækir frá greidda framfærslu beint frá ríkinu hefur vinnuframlag dregist lítið sem ekkert saman nema hjá hópum eins og til dæmis ungum mæðrum en þá í mjög litlu magni. Sums staðar hefur vinnuframlag meira að segja aukist (Rawlings & Rubio, 2005) (Bourguignon, Ferreira, & Leite, 2002) (Haarmann, o.fl., 2009). Reynslan í Brasilíu hefur líka verið gríðarlega góð en þar má helst nefna að skólasókn hefur aukist, barnavinna hefur dregist saman, hagræðing hefur orðið í ríkisrekstri þar sem nýja fyrirkomulagið

er einfaldara en áður og jákvæð áhrif á lítil hagkerfi í fátækari samfélögunum (The World Bank, 2005) (Bourguignon, Ferreira, & Leite, 2002).

3. Algild Grunnframfærsla á Íslandi

Að taka upp algilda grunnframfærslu á Íslandi yrði gríðarstórt verkefni og fæli hugsanlega í sér stærstu breytingu á íslensku samfélagi frá því að landið fékk sjálfstæði árið 1944. Það eru því ótal margar breytur sem taka þyrfti inn í myndina til þess að ákveða nákvæmlega hvernig kerfið yrði útfært. Þar eru þó tvær spurningar sem vakna yfirleitt fyrst þegar rætt er um kerfi af þessu tagi. Hversu há á upphæðin að vera og hvernig á að fjármagna kerfið? Í þessum kafla verður þessum spurningum velt upp og reynt að svara þeim þannig að gagn sé af.

3.1 Hvert er grunnframfærsluviðmiðið?

Ef ætlunin er að komast að því hvort að algild grunnframfærsla sé raunverulegur möguleiki á Íslandi er nauðsynlegt að byrja á því að skilgreina hver grunnframfærslan eigi að vera. Þó að víða um heim sé vilji til þess að útrýma fátækt hefur gengið erfiðlega að finna sameiginlega skilgreiningu á fátækt en grunnframfærsla er sú upphæð sem dugir einstaklingi til þess að lenda ekki undir fátæktarmörkum (Laderchi, Saith, & Stewart, 2003).

Skilgreiningar á grunnframfærslu og útreikningar á þeim viðmiðum eru fræði útaf fyrir sig og verður því ekki farið í neina nýja útreikninga hér í þessari ritgerð. Þess í stað verður skoðað hvað hefur verið reiknað út varðandi grunnframfærslu á Íslandi og hvort að hægt sé að nýta þau viðmið til þess að reikna út þá grunnframfærslu sem algild grunnframfærsla krefst að miðað verði við.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur það að hlutverki sínu að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn á þannig að sjá til þess að réttindi til náms séu tryggð gagnvart stjórnarskrá með þeim ætti að allir hafi tækifæri til náms óháð fjárhag. Í þriðju grein laga um Lánasjód Íslenskra násmanna stendur:

„Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.“(Lög um lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992.)

Lánasjóður íslenskra námsmanna skilgreinir grunnframfærslu einstaklings sem ekki hefur barn á sínu framfæri og býr í leigu- eða eigin húsnæði sem 632.700 kr á önn ef miðað er við fullt nám og engar aðrar tekjur (Lánasjóður íslenskra námsmanna). Ef miðað er við að nemandi sé í námi á vorönn frá janúar og til loka maí eru það 5 mánuðir en 4 mánuðir á haustönn ef miðað er við september til loka desember. Sé tekið meðaltal af þessum tölum má sjá að Lánasjóðurinn metur grunnframfærsluna sem 140.600 kr á mánuði.

Atvinnuleysisbætur eru til þess, eins og segir í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar, „að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt“ (Alþingi, 2006). Því má segja að atvinnuleysisbætur séu ætlaðar til þess að mæta grunnþörfum einstaklinga á meðan þeir hafi engar aðrar tekjur, enda skerðast þær atvinnuleysisbætur sem einstaklingur fær ef hann hefur einhverjar aðrar tekjur meðfram bótunum. Atvinnuleysisbætur eru skilgreindar í lögum og er grunnupphæðin 172.609 kr. miðað við 100% bótarétt (Alþingi, 2006).

Velferðarráðherra skipaði á sínum tíma stýrihóp um gerð skýrslu um neysluviðmið á Íslandi. Hópurinn var skipaður aðilum frá ráðuneytinu, Umboðsmanni skuldara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Tilgangur skýrslunnar var að „veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum sem þau geta haft til hliðsjónar þegar þau áætla eigin útgjöld, auk þess sem slík viðmið geta nýst við fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga og **verið grunnur að ákvörðunum um fjárhæðir sem tengjast framfærslu.**“ Skýrslan var unnin af Rannsóknarþjónustu Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands (Velferðarráðuneytið, 2011).

Grunnframfærsluviðmið velferðarráðuneytisins

Útgjaldaflokkar	Viðmiðunarútgjöld
Neysluvörur	
Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds	42.330
Föt og skór	8.802
Heimilisbúnaður	726
Raftæki og viðhald raftækja	470
Samtals	52.327 (54,0%)
Þjónusta	
Lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta	8.917
Sími og fjarskipti	8.871
Menntun og dagvistun	1.051
Veitingar	0
Önnur þjónusta fyrir heimili	3.608
Samtals	22.447 (23,2%)
Tómstundir	
Tómstundir og afþreying	12.836
Samtals	12.836 (13,2%)
Útgjöld án samgangna og húsnæðiskostnaðar	87.610 (90,4%)
Samgöngur	
Ökutæki og almennings-samgöngur	9.300
Annar ferðakostnaður	0
Samtals	9.300 (9,6%)
Heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar	96.910 (100,0%)

(Velferðarráðuneytið, 2013)

Athygli skal vakin á því að í grunnviðmiðinu er ekki gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði. Á öllum norðurlöndunum eru reiknuð reglulega út neysluviðmið og er aðferðafræði að stærstum hluta sú sama hjá þeim öllum. Öll eiga þau það sameiginlegt að húsnæðiskostnaður er ekki reiknaður með í neysluviðmiðunum. Ástæðan er sú að ekki þykir mögulegt að setja fram

skilgreiningu á hóflegum húsnæðiskostnaði vegna þess hversu einstaklingsbundinn hann kann að vera (Sturluson, Eydal, & Ólafsson, 2011). Lánasjóður íslenskra námsmanna reiknar þó út árlega framfærsluviðmið og verður notast við húsnæðishlutann úr því viðmiði hér. Samkvæmt lánasjóðnum er húsnæðiskostnaður einstaklings 1.000.916 kr fyrir árið 2013-2014 (Lánasjóður íslenskra námsmanna).

Harpa Njáls skrifaði meistararitgerð sína um fátækt á Íslandi sem seinna varð að bókinni *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar : hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Í þeirri bók er að finna eina útreikninga á algildum (e. absolute) fátæktarmörkum fyrir Ísland (Sturluson, Eydal, & Ólafsson, 2011). Harpa reiknar þar út algjöra lágmarksframfærslu og gerir það „út frá mörgum sjónarhornum, með lýsingum á opinberum talnagögnum, lagatextum, kenningum um velferð og fátækt og með viðtölum við fólk sem býr í fátækt. Þá [var] útfært mat á lágmarks framfærslukostnaði sem sýnir hvað þarf til að komast af í íslensku borgaraumhverfi.“ (Njáls, 2003) Harpa setur niðurstöður sínar fram sundurliðaðar í nokkrar mismundi fjölskyldurgerðir þar sem kostnaður fer hlutfallslega lækkandi eftir stærð fjölskyldna, sjá má nánari útlistun í töflunni hér að neðan. Til einföldunar verður hér tekið mið af aðeins einni upphæð frá Hörpu en það er algilt lágmarksframfærsluviðmið fyrir einstakling miðað við nóvember árið 2000 en það er 100.750 kr. En margt hefur breyst í íslensku samfélagi á tæpum 13 árum. Til þess að fá raunhæfari tilfinningu fyrir þessari upphæð hefur höfundar framreiknað hana miðað við vísitölu neysliverðs til verðlagsins eins og það var í júlí 2013. Á því verðlagi er upphæðin 205.588 kr. á hvern einstakling.

Hagstofa Íslands, OECD og Hagstofa Evrópusambandsins gera reglulega rannsóknir á neyslu einstaklinga og heimila. Í þeim rannsóknum er notast við svokallaðar neysluvogir þar sem fullorðinn einstaklingur fær vægið 1, aðrir fullorðnir *einstaklingar* á heimili fá vægið 0.7 og börn fá vægið 0.5 (Hagstofa Íslands, 2010). Í þessari ritgerð verður stuðst við þennan stuðul að því leytinu til að gengið verður út frá því að einstaklingur undir 18 ára aldri sé ennþá undir forsjá foreldra sinna og fær því vægið 0.5 þegar tekið er tillit til grunnframfærsluþarfa.

Aldurshópur	Grunnframfærsla velferðarráðuneytisins	Samtals
Undir 18 ára	581.460	46.376.086.680
Yfir 18 ára	1.162.920	281.541.769.080
Samtals		327.917.855.760

Aldurshópur	Grunnframfærsla velferðarráðuneytisins + húsnæði	Samtals
Undir 18 ára	1.081.918	86.291.615.844
Yfir 18 ára	2.163.836	523.862.531.764
Samtals		610.154.147.608

Aldurshópur	Viðmið Hörpu Njál's	Samtals
Undir 18 ára	1,233,527*	98.383.643.822
Yfir 18 ára	2,467,054*	597.271.290.294
Samtals		695.654.934.116

*Útreikningar Hörpu miðast við nóvember árið 2000 en tölurnar sem birtast hér eru framreiknaðar til verðlagsins júlí 2013 af höfundi.

Þann 1. janúar 2013 voru Íslendingar 321.867 talsins. Þar af voru 79.758 undir 18 ára aldri (Hagstofa Íslands, 2013). Miðað við þær forsendur sem við gáfum okkur hér á undan þarf rúmlega 327 miljarða á ári til þess að viðhalda kerfinu án húsnæðiskostnaðar en það er upphæð sem samsvarar um 60% af útgjöldum ríkisins árið 2012 og þar af um 144% af útgjöldum til velferðarmála. Sé húsnæðiskostnaðurinn tekin með eða þá að miðað er við útreikninga Hörpu Njál's má sjá að kostnaður við að koma upp algildri grunnframfærslu á Íslandi væri meiri en öll fjárlög ríkisins og vel rúmlega það eða um 112 til 128% af fjárlögum. Það er því ljóst að gríðarlegra fjármuna er þörf ef hægt á að vera að reka kerfið eins og það er sett fram hér og í raun algjörlega ómögulegt nema með því að útfæra kerfið á einhvern annan hátt sem reynist ódýrari.

Þó svo að kerfið sé gríðarlega kostnaðarsamt eins og það er sett upp hér er mikilvægt að taka það fram að hægt er að útfæra kerfið á ótal mismunandi vegu. Hér er kerfið sett fram í sinni einföldustu mynd en hæglega er hægt að gera nauðsynlegar breytingar til þess að gera kerfið ódýrara í rekstri.

3.2 Hvaðan koma tekjurnar?

Það liggur í augum uppi að mánaðarlegur greiðslur, sem duga eiga fyrir grunnþörfum til allra fullorðinna einstaklinga í samfélaginu, krefjast gríðarlegs fjármagns. Hægt er að fara fjölmargar leiðir til þess að fjármagna kerfið. Þannig er hægt að skera niður í ríkisrekstrinum, hækka ákveðna skatta og leggja á auðlindagiöld. Mikilvægt er þó að ýtrasta réttlætis sé gætt í þessum aðgerðum þar sem grunnforsenda algildrar grunnframfærslu er aukið samfélagslegt réttlæti. Nákvæmir útreikningar á því hvernig kerfið væri fjármagnað eru gríðarlega flóknir og yfirgripsmiklir. Einnig er mikið af óvissuþáttum sem ekki er hægt að gera ráð fyrir nema að undanegnum ítarlegum rannsóknum á áhrifum algildrar grunnframfærslu á efnahagskerfi landsins. Í þessum kafla verður því ekki farið í nákvæma útreikninga á fjármögnunarlíð kerfisins heldur verður fyrst og fremst velt upp þeim möguleikum sem hægt er að fara til þess að fjármagna kerfið. Þó verður skoðað lauslega hvernig fjármögnun kerfisins gæti litið út með því markmiði að leggja mat á hvort upptaka kerfisins sé raunhæfur kostur og þá hvort að frekari rannsókna sé yfirhöfuð þörf.

3.2.1 Niðurskurður í núverandi kerfi

Töluvert stór hluti fjárlaga íslenska ríkissins fer í ýmis útgjöld tengd almannatryggingum og margvíslega félaglegri aðstoð. Þetta eru útgjöld sem er ætlað að vernda fólk fyrir skyndilegum fjárhagslegum áföllum og tryggja fólki lífeyrissparnað svo að dæmi séu tekin. Með uppöku algildrar grunnframfærslu yrði öllum einstaklingum í samfélaginu tryggð næg framfærsla til þess að sjá sér fyrir grunnþörfum og því mætti leggja niður alla útgjaldaliði ríkissins er snúa að því.

Í bókinni *Basic Income: Economic Security for All Canadians* sem gefin var út árið 1999 var farið í bráðabirgðaútreikninga á því hvernig hægt væri að fjármagna algilda grunnframfærslu í Kanada. Þar var gert ráð fyrir því að hægt væri að fella niður stærstan hluta almannatryggingakerfisins og myndi það ná yfir langstærstan hluta þess fjármagns sem þyrfti til þess að keyra kerfið. Þessu til viðbótar væri hægt að hækka skatta upp í flatan 41.5% tekjuskatt og væri þannig

hægt að fjármagna kerfið að fullu (Lerner, Clark, Needham, Clark, Lerner, & Needham, 1999).

Við skulum því skoða hvernig þetta myndi líta út ef niðurskurðarhnífnum yrði beitt á útgjöld íslenska ríkisins. Í eftirfarandi töflu hefur höfundur tekið saman alla þá liði í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013 sem snúa að því að tryggja einstaklingum tekjur meðan þeir þiggja ekki laun annars staðar af einhverjum ástæðum. Sumir þessara útgjaldaliða eru þó líklega umdeildari en aðrir. Þannig má setja spurningamerki við það hvort skera eigi niður heiðurslaun listamanna, sé hugmyndin að tryggja þeim listamönnum er þiggja styrkinn næg laun til þess að geta haldið áfam að stunda sína list má hæglega skera þau úr fjárlögum þar sem grunnframfærslan sem fengist frá ríkinu myndi sjá til þess. En sé hugmyndin að veita þessum listamönnum styrk sem einsskonar verðlaun fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina ber auðvitað að halda þeim inni. Hvers konar lífeyrisgreiðslur yrðu að öllu leyti lagðar niður þar sem ekki væri þörf á þeim lengur og sömuleiðis væri hægt að leggja niður að fullu Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fjárlög 2013

Flokkur	Grein	Heiti	Kr
02-978	1.01	Launasjóður Listamanna	506.2
02-982	1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	43.4
02-983	1.17	Launasjóður höfunda fræðiritra	16.3
08-203	1.11	Mæðra- og feðralaun	337
08-203	1.21	Makabætur og umönnunarbætur	110
08-203	1.25	Dánarbætur	66
08-203	1.31	Endurhæfingarlífeyrir	2166
08-203	1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar	160
08-203	1.41	Heimilisuppbót	3781
08-203	1.51	Frekari uppbætur	273
08-204	1.11	Ellilífeyrir	10486
08-204	1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega	21130
08-204	1.28	Vasapeningur ellilífeyrisþega	395
08-204	1.35	Barnalífeyrir	3114
08-206	1.55	Sjúkradagpeningar	242
08-208	1.15	Bætur til framfærslu	417
08-214	1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra	54.9
08-851	1.11	Atvinnuleysisbætur	15740
08-851	1.41	Framlög og styrkir	40
08-852	1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	38.2
08-853	1.01	Ábyrgðarsjóður launa	1226
08-854	1.01	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	89
08-854	1.11	Fæðingarorlofssjóður	7850
08-854	1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar	625
08-861	6.21	Leiguíbúðir	112.1
09-381	1.01	Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins	4225
09-381	1.04	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	398
09-381	1.09	Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	161
09-811	1.11	Barnabætur	10762
02-872	1.01	Lánasjóður Íslenskra Námsmanna	8486
Samtals			93.050

Allar upphæðir eru í milljónum króna (Fjárlög 2012)

Miðað við þetta eru rétt rúmlega 93 milljarðar króna sem myndu falla úr fjárlögum og yrðu frekar nýttir til þess að viðhalda algildri grunnframfærslu.

Almannatryggingakerfið er þó ekki aðeins rekið af ríkinu. Sveitarfélögin spila þar einnig stórt hlutverk þar sem töluverður hluti almannatryggina fer í gegnum sveitarfélögin. Til viðmiðunar verður hér skoðað hver hlutur stærsta sveitarfélags landins, Reykjavíkurborgar, er í almannatryggingakerfinu og hvaða útgjaldaliði væri hægt að fella út ef við beitum sömu aðferð og fyrir ríkið hér á undan.

Húsaleigubætur	1,563,084
Sérstakar húsaleigubætur	309,320
Sérstakar húsaleigub vegna félagsbúða	629,330
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2,925,872
Fjárhagsaðstoð vegna náms	325,537
<u>Samtals</u>	<u>5,753,143</u>

(Reykjavíkurborg, 2012)

Hluti húsaleigubóta er greiddur af jöfnunarsjóði til borgarinnar sem greiðir svo út bæturnar. Til einföldunar var notast við heildarupphæðina hér og hlut ríkisins því sleppt í töflunna hér á undan. (Reykjavíkurborg, 2012)

Samhliða því að skera niður ákveðna útgjaldaliði í fjárlögum má búast við töluverðri hagræðingu innan ríkisins. Þannig liggur það í augum uppi að þegar stór hluti starfsemi ráðuneytis er lagður niður má búast við því að skera þurfi niður innan ráðuneytisins vegna minnkandi umsvifa.

Þó svo að almennt sé ekki veittur aðgangur að gögnunum sem söfnuðust í tilraununum í Kanada hafa einstaka rannsakendur fengið að rýna í gögnin og getað unnið úr þeim rannsóknir. Evelyn Forget prófessor í heilsuhagfræði við háskólann í Manitoba er ein af þeim. Í samanburðarrannsókn sem hún gerði, sem byggir á upplýsingum úr fyrrgreindum tilraunum var sýnt fram á töluverða fækkun innlagna á sjúkrahús eða um 8.5% (Forget, 2011). Tilraunirnar í Kanada voru þó þannig að aðeins ákveðnar fjölskyldur fengu styrkinn og þá sérstaklega fjölskyldur sem voru illa staddar fjárhagslega. Í rannsókninni kemur fram að sá

hópur sé, af margvíslegum ástæðum sem verður ekki farið nánar í hér, líklegri til þess að lenda í því að vera lagður inn á spítala. Það er því ekki alveg hægt að heimfæra þessa tölu, 8.5% á heildina ef kerfið væri tekið upp á landsvísu. Þetta þýðir að erfitt er að meta nákvæmlega hversu mikið innlögnum á sjúkrahús myndi fækka og þar af leiðandi er erfitt, eða ekki hægt, að leggja mat á það hversu mikið væri hægt að skera niður í heilbrigðiskerfinu. Velferðarráðuneytið er það ráðuneyti sem fær mest úthlutað í fjárlögum eða 227.8 milljörðum króna árið 2012 sem gerir tæp 42% af heildarútgjöldum íslenska ríkisins og því ljóst að þar er hægt að spara töluverða fjármuni dragist útjöld saman þar. Í ofanálag lækkar ýmiss annar kostnaður samhliða fækkun innlagna á sjúkrahús (Forget, 2011). Gera má þannig ráð fyrir lækkun í greiðsluþáttöku ríkisins á lyfjum og eins má gera ráð fyrir að vinnutap minnki en þar liggja einnig töluverðir fjármunir fyrir ríkið í formi skattheimtu og verðmætasköpunar svo að dæmi séu tekin.

3.2.2 Aðrar leiðir

Ein leið sem hægt væri að fara, og væri mjög í anda algildrar grunnframfærslu væri að láta allan hagnað ríkisins af náttúruauðlindum renna beint til íbúa landsins. Ísland er land sem er auðugt af náttúruauðlindum sem verið er að nýta. Þannig er verið að nýta fallvötnin til rafmagnsframleiðslu, jarðhita til hins sama og fiskimiðin er stunduð af krafti. Þá er einnig verið að rækta landið en þó í litlum mæli miðað við flatarmál þess. Ef við göngum út frá því að þessar auðlindir séu sameiginleg eign þjóðarinnar væri hægt að skattleggja nýtingu á þessum auðlindum og láta þær tekjur renna beint til íbúana. Slíkur skattur er þó á heildina litið ekki þjóðhagslega hagkvæmur ef marka má rannsóknir Ragnars Árnasonar á skatti á auðlindarentu (Árnason, 2004).

Ef við eins og áður sagði gefum okkur það að náttúruauðlindir séu í sameiginlegri eign þjóðarinnar hlýtur það að vera sjálfstæðri þjóð í sjálfvald sett hvernig nýtingu náttúruauðlinda er háttáð. Hugsanlega væri það svo að upptaka algildrar grunnframfærslu myndi reynast svo efnahagslega hagkvæm að það yfirstígi þau neikvæðu áhrif sem aukin skattur á auðlindarentu hefði í för með sér. Slíkum spurningum verður ekki reynt að svara hér en er mikilvægt að halda til haga.

Aðrir tekjumöguleikur væru svo hugsanlega mengunarskattar og skattar á samgæði eins og útsendingartíðnir útvarps og sjónvarps svo að dæmi séu tekin. Fara þyrfti mjög varlega í að meta hvaða skatta þyrfti að hækka og hverja ekki. Þar sem hugmyndin væri að dreifa skömmtunum jafnt til allra íbúa landsins fælist ákveðið óréttlæti í því að skattleggja vinnuframlag annara í gegnum tekjuskatta. En ef verið væri að skattleggja nýtingu sumra á sameiginlegum gæðum allra væri vel hægt að færa rök fyrir því að slík skattlagning sé ekki óréttlát heldur réttlát (Wright, 2006) (Van Parijs, Real freedom for all: What (if anything) can justify capitalism?, 1995).

3.3 Hver væru næstu skref?

Algild grunnframfærsla hefur marga af þeim kostum sem Íslendingum þykja eftirsóknarverðir. Þannig er til að mynda ríkur vilji meðal Íslendinga að náttúruauðlindir séu í sameiginlegri eigu þjóðarinnar og að sanngjarnt gjald verði greitt til ríkisins fyrir nýtingu á þeim (Capacent, 1998) (Þjóðfundur 2010, 2010).

Af ofangreindu að dæma sést að upptaka algildrar grunnframfærslu er gríðarlega kostnaðarsöm og flókin aðgerð miðað við þá útreikninga sem eru birtir hér. Til þess að fara í slíkar breytingar á samfélaginu þarf að ríkja víðtækur pólitískur og samfélagslegur vilji til slíks. Forsenda þess að hægt sé að ná fram bæði þverpólitískum vilja og vilja almennings til þess að samþykkja slíka byltingarkennda hugmynd er að fyrir liggi gögn sem sýna fram á með skýrum hætti hver áhrifin geta verið. Upplýst umræða er forsenda skilvirks lýðræðis. Það er því nauðsynlegt að farið verði í frekari rannsóknir á algildri grunnframfærslu með Ísland sérstaklega í huga. Það væri best gert með því að hefja litlar tilraunir í íslensku samfélagi (Terwitte, 2009).

Fyrsta skrefið væri að byrja á því að skilgreina grunnframfærsluþörfina því ekki væri hægt að hefja neinar tilraunir án þess að vera með grunnuppþæð framfærslunnar til þess að vinna með. Skoða þyrfti hver væri algjör

lágmarksupphæð sem einstaklingur kæmist af með, hefði hann engar aðrar tekjur, og sæi honum fyrir grunnþörfum sínum eins og þær eru útlistaðar í skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á algjörri fátækt.

Niðurstöður

Í ritgerðinni hefur verið útsýrt að algild grunnframfærsla er kerfi sem felur í sér að allir borgarar ríkis fái greidda grunnframfærslu algjörlega óháð öllum skilyrðum. Hugmyndin að algildri grunnframfærslu er að verða sífellt vinsælli og hefur hún verið til umræðu í stjórnmálum ýmissa landa frá því um 1960. Brasilíumenn hafa þó gengið lengst og fest hugmyndina í lög með þeim skilyrðum að henni yrði hleypt af stokki í nokkrum skrefum. Innleiðingin gengur hægt en núverandi kerfi sýnir þó fram á spennandi niðurstöður þó að mjög langt sé í land með að hægt verði að tala um raunverulega algilda grunnframfærslu þar í landi. Tilraunir hafa verið gerðar í bæði Kanada og Namibíu og hafa niðurstöður þeirra tilrauna lofað góðu og gefið tvímælalaust tilefni til frekari rannsókna.

Nákvæm upphæð grunnframfærslunnar er almennt ekki skilgreind sérstaklega þar sem fyrst og fremst er um ákveðna hugmyndafræði að ræða. Einnig er það vegna þess að grunnframfærslan er svo ólík á milli mismunandi hagkerfa. Hér var þó gerð tilraun til þess að skoða með hvaða hætti væri hægt að taka upp kerfið á Íslandi og voru þar af leiðandi skoðuð viðmið sem notuð hafa verið til þess að skilgreina grunnframfærslu hér á landi. Einu útreikningarnir sem hafa verið gerðir á algjöru grunnframfærslu, frekar en almennum neysluviðmiðum, voru skilgreind af velferðarráðuneytinu og Hörpu Njáls í bókinni Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar : hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins. Grunnframfærsla einstaklings er 2.163.836 kr. á ári sé miðað við útreikninga velferðarráðuneytisins og að viðbættum húsnæðiskostnaði reiknuðum af Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í útreikningum Hörpu Njáls er grunnframfærslan 2.467.054 kr. á einstakling á ári eftir núvirðingu til dagsins í dag. Ef miðað er við að barn þurfi aðeins hálfa framfærslu fullorðins einstaklings

er heildar kostnaður við að taka upp algilda grunnframfærslu því um 650 til 696 miljarðar á ári eða 112% til 128% af fjárlögum ríkisins.

Sé litið til fjármögnunarhliðarinnar var tekið mið af bráðabirgðaútreikningum sem unnir höfðu verið fyrir algilda grunnframfærslu í Kanada þar sem sýnt var fram á að hægt væri að fjármagna kerfið að stærstum hluta með þeim niðurskurði sem yrði í ríkisútgjöldum samhliða upptöku kerfisins. Farið var mjög frjálsegum höndum með niðurskurðarhnífinn á fjárlagafrumvarp ársins 2013 og skornir voru út þeir hlutar sem gætu horfið ef algild grunnframfærsla væri tekin upp. Niðurstaðan var sú að hægt væri að spara 93,05 miljarðara með þessum hætti. Það dugar þó skammt upp í áætlaðan rekstrarkostnað kerfisins sem er um 650-696 miljarðar á ári. Gera má ráð fyrir einhverjum sparnaði og frekari niðurskurði samhliða því að fella þessa útgjaldaliði úr fjárlögum. Erfitt er að reikna út nákvæmlega hversu mikla fjármuni má nýta þaðan en þar sem kostnaður kerfisins fer langt umfram heildarfjárlög ríkisins má gera ráð fyrir því að sá hlutur væri óverulegur þegar á heildarmyndina er litið. Hugsanlega væri hægt að fara í frekari aðgerðir til þess að fjármagna kerfið til að mynda með aukinni skattheimtu en ekki var lagt neitt mat á áhrif þeirra aðgerða í ritgerðinni.

Algild grunnframfærsla er á heildina litið réttlátt kerfi. Kerfið miðar að því að skapa ákveðinn jafnréttisgrundvöll sem einstaklingar í samfélaginu geta svo nýtt til þess að skara fram úr á eigin vegum. Engin tilraun er gerð til þess að hefta einstaklinga í því að ná markmiðum sínum.

Upptaka algildrar grunnframfærslu væri þegar uppi er staðið bylting á íslensku samfélagi. Kerfið hefur marga góða kosti sem myndi henta vel íslensku samfélagi en miðað við þá útreikninga sem settir eru fram í þessari ritgerð má ætla að kostnaðurinn sé slíkur að upptaka kerfisins sé með öllu móti óraunhæfur möguleiki. Umræðan um algilda grunnframfærslu hefur þó verð á þann háttinn að með því að útfæra kerfið rétt eigi hún að vera raunhæfur möguleiki. Af því að dæma má sjá að nauðsynlegt er að fara í frekari rannsóknir á algildri grunnframfærslu. Erfitt getur verið að heimfæra erlendar rannsóknir á íslenskt samfélag og því nauðsynlegt að rannsóknirnar séu miðaðar við Ísland.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó svo að kostnaður við algilda grunnframfærslu sé gríðarlegur er ekki nóg að líta einungis á hagkvæmnissjónarmiðin. Þegar uppi er staðið er tilgangur algildrar grunnframfærslu að skapa manneskjulegra samfélag og auka félagslegt réttlæti. Ef við göngum út frá kenningum John Rawls hlýtur það að vera á endanum okkar æðsta takmark.

Lokaorð

Í rúm tvö ár hef ég velt fyrir mér hugmyndinni um algilda grunnframfærslu og hvort að hún sé raunverulega vænlegur kostur. Niðurstöður þessara ritgerðar sýna svo ekki verður um villst að kostnaður við upptöku kerfisins er gríðarlegur. Engu að síður er kostir algildrar grunnframfærslu sömuleiðis ótvíræðir. Það er að segja aukið samfélagslegt réttlæti sem hlýtur að vera ofar öllum öðrum gæðum.

Þegar ég ákvað að skrifa ritgerð um þetta málefni vissi ég að hér væri á ferðinni gríðarlega yfirgripsmikið efni og ekki auðvelt að ætla að gera því almennilega skil í svo stuttri ritgerð. Það varð mér ljóst á meðan ég vann þessa ritgerð mikið af spurningum er enn ósvarað varðandi algilda grunnframfærslu. Útfærsluatriðin eru allt að því endalaus en ég vona þá að ég hafi náð mínu helst markmiði að vekja áhuga á algildri grunnframfærslu og náð að sýna fram á að hér sé á ferðinni forvitnileg nálgun á félagslegt réttlæti og almanntryggingar sem vert er að veita áhuga. Spurning hvort að algild grunnframfærsla sé vænlegur kostur fyrir íslensk samfélag stendur enn ósvarað enda verður henni ekki svarað nema að undanegnum frekari rannsóknum.

Það er einlæg von mín að farið verði í þær rannsóknir svo að hægt verði að svara í eitt skipti fyrir öll hvort að kerfið virki og hvort samfélagið verði við það réttlátara en það er nú.

Heimildaskrá

Ackerman, B. A., Alstott, A., & Van Parijs, P. (2006). *Redesigning distribution*. London and New York: Verso.

Alaska Department of Revenue - Permanent Fund Divident Division. (2012, desember 31). *Historical Summary of Dividend Applications and Payments*. Sótt 29.maí, 2013, frá Alaska Department of Revenue - Permanent Fund Divident Division: <http://pfd.alaska.gov/DivisionInfo/SummaryApplicationsPayments>

Alaska Permanent Fund Corporation. (n.d.). *FREQUENTLY ASKED QUESTIONS*. Sótt 16.júní, 2013, frá Alaska Permanent fund corporation: <http://www.apfc.org/home/Content/aboutFund/fundFAQ.cfm>

Alaska Permanent Fund Corporation. (n.d.). *LANDMARKS IN PERMANENT FUND HISTORY*. Sótt 12.júní, 2013, frá Alaska Permanent Fund Corporation: <http://www.apfc.org/home/Content/aboutFund/fundHistory.cfm>

Alþingi. (2006, mars 06). *Þskj. 1078 # frumskjal félmrh., 132. lþ. 742. mál: #A atvinnuleysistryggingar # (heildarlög) frv. 54/2006*. Sótt 10. júní, 2013, frá Alþingi: <http://www.althingi.is/altext/132/s/1078.html>

Alþingi. (2006, júní 03). *Lög um atvinnuleysistryggingar*. Sótt 10.júní, 2013, frá Alþingi: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006054.html>

Bourguignon, F., Ferreira, F. H., & Leite, P. G. (2002). Ex-ante evaluation of conditional cash transfer programs: the case of Bolsa Escola. *World Bank Policy Research Working Paper*, 2916.

Capacent. (1998, júní 29). *ÓÁNÆGJA MEÐ KVÓTAKERFIÐ*. Sótt 25.júlí, 2013, frá Capacent - Þjóðarpúlsinn.

Carlsen, C. C. (12, desember 2009). *Vil gi alle nordmenn 158.432 kroner*. Sótt 19.júlí, 2013, frá NA24: <http://www.na24.no/article3526112.ece>

Christensen, E. C. (2003). *Feminist arguments in favor of welfare and basic income in Denmark*. Aalborg: Aalborg Universitet.

Drescher, J. (2011, desember 4). *GERMANY: Pirate Party endorses Basic Income in its national campaign*. Sótt 19. júlí, 2013, frá Basic Income News:
<http://binews.org/2011/12/germany-pirate-party-endorses-basic-income-in-its-national-campaign/>

Economist, T. (2005). *The Economist Intelligence Unit's quality-of-life index*. Sótt 30. júlí, 2013, frá The Economist:
http://www.economist.com/media/pdf/QUALITY_OF_LIFE.pdf

Emil Als (2003, ágúst 10). Almenn tekjutrygging. *Morgunblaðið*, p. 26.

Forget, E. L. (2011). The Town with No Poverty: The Health Effects of a Canadian Guaranteed Annual Income Field Experiment. *Canadian Public Policy / Analyse de Politiques*, 37 (3), 283-305.

Global Basic Income Foundation. (2012, desember). *Global Basic Income Foundation*. Sótt 8. maí, 2013, frá GROWING SUPPORT FOR BI WORLDWIDE:
<http://www.globalincome.org/English/BI-worldwide.html#Brazil>

Haarmann, C., Haarmann, D., Jauch, H., Shindondola-Mote, H., Nattrass, N., Van Niekerk, I., et al. (2009). *Making the difference! The BIG in Namibia*. Basic Income Grant Coalition.

Hagstofa Íslands. (2013, júní 16). *Skráðir atvinnulausir og hlutfall þeirra af mannafla eftir mánuðum 1980-2012*. Sótt 9. júní, 2013, frá Hagstofa Íslands:
<http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN04204%26ti=Skr%E1%F0ir+atvinnulausir+og+hlutfall+%FEeirra+af+mannafla+eftir+m%E1nu%F0um+1980%2D2012%26path=../Database/vinumarkadur/atvinnuleysi/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>

Hagstofa Íslands. (2013, janúar 16). *Skráð atvinnuleysi eftir landsvæði og kyni 1980-2012*. Sótt 12. júní, 2013, frá Hagstofa Íslands:
<http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN04205%26ti=Skr%E1%F0+atvinnuleysi+eftir+landsv%E6%F0i+og+kyni+1980%2D2012+%26path=../Database/vinumarkadur/atvinnuleysi/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>

Hagstofa Íslands. (2011, október 28). *Hagtíðindi - Fjárhagsstaða heimilanna 2011*. Sótt 5.júní, 2013, frá Hagstofa Íslands:

<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13102>

Hagstofa Íslands. (2013, febrúar 12). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2013*.

Sótt 1.júní, 2013, frá Hagstofa Íslands:

<http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2013++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2010, desember 9). Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2007–2009. *Hagtíðindi*.

Harpa Njáls (2003). Fátækt á Íslandi: Er öllum börnum tryggt félagslegt og efnalegt velferðaröryggi? *Rannsóknir í félagsvísindum*, 4, 71-81.

Húmanistaflokkurinn. (e.d.). *Basic Info*. Sótt 22.júlí, 2013, frá Facebook -

Húmanistaflokkurinn:

<https://www.facebook.com/pages/Húmanistaflokkurinn/200634836628989?id=200634836628989&sk=info>

Inglehart, R., Norris, P., & Welzel, C. (2002). Gender equality and democracy. *Comparative Sociology*, 1 (3-4), 321-345.

Ironmonger, D. (1989). *Households Work: Productive activities, women and income in the household economy*. Sydney: Allen & Unwin.

Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal & Andrés Júlíus Ólafsson (2011). *Íslensk neysluviðmið*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Laderchi, C. R., Saith, R., & Stewart, F. (2003). Does it matter that we do not agree on the definition of poverty? A comparison of four approaches. *Oxford Development Studies*, 31 (3), 243-274.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.). *LÍN - Úthlutunarreglur*. Sótt 9.júní, 2013, frá Lánasjóður Íslenskra Námsmanna:

http://www.lin.is/lin/UmLIN/Log_og_reglur/uthlutunarreglur.html

Lerner, S., Clark, C., Needham, R., Clark, C., Lerner, S., & Needham, W. (1999). *Basic Income: Economic Security for All Canadians*. Toronto: Between the lines.

Levine, A. (1996). Review. *The Philosophical Review*, 105 (4), 555-557.

Merkl, C., & Snower, D. J. (2008). Escaping the unemployment trap: The case of East Germany. *Journal of Comparative Economics*, 36 (4), 542-556.

More, T. (1869). *Utopia*. A. Murray & son.

Nagarajan, N. (2012, september 6). *Brazil: Imagine a World Free of Hunger and Need*. Sótt 10.júlí, 2013, frá Pulitzer Center on Crisis Reporting: <http://pulitzercenter.org/reporting/brazil-economy-dreaming-world-free-hunger-and-need-Eduardo-Suplicy>

Namibia Statistics Agency. (2012). *Poverty dynamics in Namibia: A comparative study using the 1993/94, 2003/04 and the 2009/10 NHIES surveys*. Namibia Statistics Agency.

Paine, T. (1974). *Agrarian Justice*. Alex Catalogue.

Ragnar Árnason (2004). Er skattur á auðlindarentu efnahagslega skaðlaus? *Rannsóknir í félagsvísindum*, 313-324.

Rawlings, L. B., & Rubio, G. M. (2005). Evaluating the impact of conditional cash transfer programs. *The World Bank Research Observer*, 20 (1), 29-55.

Rawls, J. (1999). *A Theory of justice*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press.

Reid, K. (2013, apríl 25). *BIG PAYMENTS RESUME*. Sótt 15.júní, 2013, frá Windhoek Observer: <http://www.observer.com.na/8-latest-news/1373-big-payments-resume>

Reykjavíkurborg. (2012, desember 4). *Greinargerð með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2013*. Sótt 2.júlí, 2013, frá Reykjavíkurborg:

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/fjarmalasvid/fjarhagsaaetlun/2013/Greinarger__2013.pdf

Schleberger, E. (2009). *Namibia's Universal Pension Scheme: Trends and challenges*. International Labour Organization . Geneva: International Labour Organization .

Seðlabanki Íslands. (2013, júlí 29). *Seðlabanki Íslands*. Sótt 29.júlí, 2013, frá Miðgengi annara gjaldmiðla: <http://www.sedlabanki.is/gengi/midgengi-annarra-gjaldmidla/>

Sherman, H. (1996). Review. *The American Political Science Review* , 90 (4), 900-901.

Steensland, B. (2008). *The failed welfare revolution: America's struggle over guaranteed income policy*. Princeton University Press.

Terwitte, J. (2009). Should Proponents of Basic Income Advocate Basic Income Social Experiments in Germany. *Hertie School of Governane - Working Papers* .

The World Bank. (2005, desember 19). *Brazil's Bolsa Familia Program Celebrates Progress in Lifting Families out of Poverty*. Sótt 9.júlí, 2013, frá The World Bank - News and broadcast:

<http://web.worldbank.org/WBSITE/EXTERNAL/NEWS/0,,contentMDK:20702063~pagePK:64257043~piPK:437376~theSitePK:4607,00.html>

United Nations. (1995). *World Summit for Social Development Programme of Action - Chapter 2*. Sótt 5.júní, 2013, frá Economic and Social Development at the United Nations: <http://www.un.org/esa/socdev/wssd/text-version/agreements/poach2.htm>

Van Parijs, P. (2004). Basic Income: A Simple and Powerful Idea for the Twenty-First Century. *Politics & Society* , 32 (1), 7-39.

Van Parijs, P. (1995). *Real freedom for all: What (if anything) can justify capitalism?* Oxford: Oxford University Press.

Vanderborght, Y., & Van Parijs, P. (2005). *BIEN - Basic Income Earth Network*.

Sótt 11.júlí, 2011, frá About Basic Income:

<http://www.basicincome.org/bien/aboutbasicincome.html>

Velferðarráðuneytið. (2011, febrúar 11). *Opinn kynningarfundur um*

neysluviðmið. Sótt 22.júní, 2013, frá Velferðarráðuneytið:

<http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32580>

Velferðarráðuneytið. (2013, mars). *Reiknivél fyrir neysluviðmið*. Sótt 6.júní, frá

Velferðarráðuneytið: <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/>

Vinnumálastofnun. (e.d.). *Að vera í virkri atvinnuleit*. Sótt 29.júní, 2013, frá

Vinnumálastofnun:

<http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/rettindi-og-skyldur/virk-atvinnuleit/>

Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.). *Úthlutunarreglur*. Sótt 15.júlí, 2013, frá

Lánasjóður íslenskra námsmanna:

http://www.lin.is/lin/UmLIN/Log_og_reglur/uthlutunarreglur.html

Þjóðfundur 2010. (e.d.). *Um Þjóðfundinn*. Sótt 9.maí, 2013, frá Þjóðfundur 2010:

<http://www.thjodfundur2010.is/um-thjodfundinn/#tilgangurthjodfundar>

Þjóðfundur 2010. (2010). *Allt inntak um stjórnarskrá frá Þjóðfundi 2010*. Sótt

22.júlí, 2013, frá Þjóðfundur 2010:

http://www.thjodfundur2010.is/other_files/2010/gogn/Thjodfundur-2010-Allt-inntak.xls

Lavinas, L. (2006). Frá Means-Test Schemes to Basic Income in Brazil:

Exceptionality and Paradox. *International Social Security Review*, 59 (3), 103-125.

World Bank. (e.d.). *World Bank*. Sótt 29.júlí, 2013, frá PPP conversion factor

(GDP) to market exchange rate ratio:

<http://data.worldbank.org/indicator/PA.NUS.PPPC.RF?page=1>

Wright, E. O. (2006). *Two redistributive proposals—universal basic income and stakeholder grants*. Sótt 11.apríl, 2013, frá Institute for Research on Poverty:
<http://www.irp.wisc.edu/publications/focus/pdfs/foc242b.pdf>

Wright, E. O. (2006). *Two redistributive proposals—universal basic income and stakeholder grants*. Sótt 11.apríl, 2013, frá Institute for Research on Poverty:
<http://www.irp.wisc.edu/publications/focus/pdfs/foc242b.pdf>